


Að lesa fyrir börn leikskólaaldur - Hvers vegna ættu foreldrar að lesa fyrir börnin sín?




Lestraráhugi og læsi

Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur fyrir börn á heimilum hefur áhrif á lestraráhuga þeirra, eflir læsi og leggur grunn að því að börnin njóti þess að lesa sjálf síðar meir.

Lestrarmenning á heimilum skiptir sköpum fyrir viðhorf barna til lesturs. Með lestrarmenningu er meðal annars átt við þau viðhorf sem ríkja á heimilinu til læsis, hversu mikið börn sjá aðra á heimilinu lesa og skrifa og hversu gott aðgengi að lesefni er á heimilinu.

Mikill bóklestur færir börnum reynslu af ritmáli sem beinir athygli þeirra að hlutverki, eðli og uppbyggingu ritaðs máls. Sögulestur eflir enn fremur orðaforða og skilning, sem og vitund barna um sögubyggingu. Allt þetta er mikilvægt fyrir lestrarnám barnanna.



Lestrarstundir, samræður og orðaforði

Þegar samskipti í lestrarstundum einkennast af hlýju, stuðningi, hvatningu, leik og gleði, styrkja þau tengsl foreldris og barns og örva félagslegan þroska barnsins.

Samræður um efni bóka gefa börnum tækifæri til þess að spyrja og fá svör, segja álit sitt, álykta og gefa hugarfluginu lausan tauminn. Eftir því sem samræðurnar þróast leiða þær til dýpri hugsunar barnsins og einnig til aukins skilnings á ýmsum þáttum læsis.

Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að lestur og samræður um efnið sé aðferð sem eflir orðaforða barna hvað mest. Samræðulestur með yngstu börnunum felst meðal annars í því að nefna heiti persóna og athafna á mynd og tengja við reynsluheim barnsins. Með eldri börnum getur lesturinn reynt töluvert á vitsmunalega færni, t.d. þegar samræður um efnið byggjast á krefjandi spurningum eða heimspekilegum vangaveltum.

Orðaforði skiptir miklu máli fyrir læsi. Gera má ráð fyrir því að barn sem hefur mikinn orðaforða hafi meiri færni til djúpstæðrar hugsunar og eigi auðveldara með tjáskipti en börn með lítinn orðaforða. Börn með mikinn orðaforða eiga þannig auðveldara með að bæta við orðaforða sinn í gefandi lestrar- og samræðustundum. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að efla orðaforða barna með lestri og samræðum frá fyrstu tíð.

Hlutverk foreldra í lestrarstund er að stýra samræðum og styðja barnið til að halda samtalinu gangandi; skýra innihald textans, spyrja spurninga um efnið og tengja það við reynslu og aðstæður barnsins.



“Það skiptir máli að lesa oft fyrir börn. Það eykur orðaforða og eflir bernskulæsi.

Gæði lestrarstunda skipta einnig miklu máli. Lestarstund á að vera skemmtileg stund þar sem bæði foreldri og barn njóta þess að lesa og spjalla saman um efnið.”

Lestur fyrir börn skiptir máli